

Afkomutilkynning vegna ársreiknings 2024

Hagnaður ársins 2.070 milljónir króna

Hagnaður Lánasjóðs sveitarfélaga nam 2.070 milljónum króna á árinu 2024 samanborið við 1.866 milljónir króna á árinu 2023. Hreinar vaxtatekjur í ár lækka um 4% á milli ára, sem rekja má til lægri verðbólgu.

Heildareignir sjóðsins í lok ársins voru 211 milljarðar króna en voru 200 milljarðar í árslok 2023 sem er aukning um 5%. Heildarútlán sjóðsins námu 200 milljörðum króna í lok ársins samanborið við 191 milljarða í árslok 2023.

Markaðsverðmæti verðbréfaútgáfu nam 13,9 milljörðum króna samanborið við 18,8 milljarð króna á árinu 2023.

Eigið fé nam 24,8 milljörðum króna en var 22,7 milljarðar í árslok 2023. Vegið eiginfjárlutfall samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki er 361% með fullri mildun. Í árslok 2023 var hlutfallið 416%. Lánasjóðurinn nýtir sér mildunarákvæði við eiginfjárluttreikninga vegna útlána til sveitarfélaga í íslenskum krónum sem eru með veð í tekjum sveitarfélaga.

Stjórn sjóðsins leggur til að á árinu 2025 verði hluthöfum ekki greiddur út arður vegna afkomu ársins 2024 til að styrkja stöðu sjóðsins og tryggja vöxt eigin fjár.

Rekstur ársins	2024	2023	2022	2021	2020
Hreinar vaxtatekjur.....	1.499	1.559	1.251	686	803
Aðrar rekstrartekjur	879	588	279	102	200
Almennur rekstrarkostnaður.....	308	282	270	252	220
Hagnaður ársins.....	2.070	1.866	1.260	536	783

Efnahagur 31. desember

Handbært fé.....	558	846	2.863	788	4.349
Ríkisbréf og ríkisvixlar.....	7.435	5.988	7.334	7.210	3.031
Markaðsverðbréf.....	2.762	2.442	265	167	448
Útlán og kröfur.....	200.021	190.762	170.229	159.876	135.722
Aðrar eignir.....	98	92	87	46	44
Eignir samtals.....	210.875	200.130	180.778	168.087	143.593
Verðbréfaútgáfa.....	182.957	174.170	158.290	146.577	122.529
Aðrar lántökur.....	2.731	2.976	1.510	1.810	1.905
Aðrar skuldir og skuldbindingar.....	394	261	120	102	97
Skuldir samtals.....	180.082	177.407	159.920	148.490	124.532
Eigið fé.....	24.793	22.727	20.858	19.598	19.062
CAD- hlutfall m/hefðbundinni mildun.....	54%	53%	56%	56%	61%
CAD- hlutfall m/fullri mildun.....	361%	416%	537%	630%	454%
Vogunarhlutfall.....	12%	11%	12%	12%	13%

Framtíðarhorfur

Lánasjóður sveitarfélaga væntir þess að eftirspurn eftir útlánum verði svipuð í ár og var árið 2024. Lánasjóðurinn mun starfa í grundvallaratriðum svipað og undanfarin ár þar sem unnið hefur verið að eflingu á starfsemi hans og betri þjónustu við sveitarfélögin með því að nýta gott lánstraust sjóðsins til að uppfylla meginhlutverk hans.

Nánari upplýsingar veitir: Óttar Guðjónsson, framkvæmdastjóri, s. 515 4949.